

Reykjavík, 9. mars 2022
IE21080015
0.2.2
LF/KV

Stjórn Strætó bs.
Hjálmar Sveinsson, stjórnarformaður
Þönglabakka 4
109 Reykjavík

Ársreikningur 2021

Meðal verkefna endurskoðunarnefndar Strætó bs. fyrir hönd stjórnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og hafa eftirlit með ytri endurskoðun félagsins.

Endurskoðunarnefndin átti nokkra fundi með ytri endurskoðendum, Grant Thornton endurskoðun ehf. (hér eftir GT), í tengslum við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar á samstæðu Reykjavíkurborgar og komu málefni Strætó bs. til umræðu á þeim fundum.

Endurskoðunarnefndin fékk kynningu á drögum að ársreikningi 2021 á fundi þann 8. þ.m. Á fundinum lögðu GT fram tvær skýrslur um niðurstöður endurskoðunarinnar sem þeir kynntu fyrir endurskoðunarnefnd og stjórnendum félagsins. Á fundinum lögðu GT einnig fram drög að áritun á ársreikning félagsins.

Í endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings koma fram helstu niðurstöður endurskoðunarinnar og er þar m.a. fjallað um þau atriði sem nefndin lagði sérstaka áherslu á. Í skýrslu um ábendingar og athugasemdir vegna endurskoðunar á ársreikningi eru óverulegar athugasemdir sem lúta að innra eftirliti félagsins.

Endurskoðunarnefnd leggur áherslu á að stjórn og stjórnendur ljúki endurbótum vegna þeirra ábendinga sem fram koma í skýrslunum, en það er eitt af áhersluatriðum nefndarinnar að fylgjast með hvernig brugðist er við athugasemdum ytri endurskoðenda.

Fram kemur í endurskoðunarskýrslu GT og drögum að áritun að ársreikningurinn verði áritaður fyrirvaralausri áritun.

Það er álit endurskoðunarnefndar að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu fyrir stjórn.

Virðingarfyllst,



f.h. endurskoðunarnefndar
Lárus Finnbogason, formaður